



Til þeirra er málið varðar

Dags. 26.6.2023

**Málefni: úttekt vegna efnistökusvæða í sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi
Klausturhólar E17 – syðrihluti**

Unnin hefur verið skýrsla af VERKÍS verkfræðistofu að beiðni Grímsnes- og Grafningshrepps sem tekur til skilgreindra efnistökusvæða sem fram koma innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, er sett fram stefna, almennir skilmálar og sérákvæði um einstök efnistöku- og efnislosunarsvæði sbr. kafla 3.2.10 í greinargerð tillögunnar. Einnig eru efnistöku- og efnislosunarsvæði afmörkuð á sveitarfélagsupprætti.

Stefna um efnistöku- og efnislosunarsvæði er eftirfarandi skv. greinargerð aðalskipulagstillögunnar:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Stærri efnistökusvæði verði ekki á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. svæðum á náttúruminjasrá, þar sem eru mikilvægar vistgerðir og hverfisverndarsvæði.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.
- Forðast skal eftir megni að raska ósnortnum hlíðum, ásum, áberandi landslagsmyndum, vatns- og árbökkum og farvegum þeirra.
- Leitast verði við að losun jarðvegs fari einkum fram á efnistöku- og efnislosunarsvæðum eða öðrum svæðum þar sem uppgræðsla er þörf.

Almennir skilmálar fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði eru eftirfarandi skv. greinargerð aðalskipulagstillögunnar:

- Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi þar sem sett verði skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Efni sem fellur til við framkvæmdir verði nýtt til landmótunar og í hljóðmanir, eftir því sem hægt er og þörf er á.
- Landeiganda er heimilt að vinna allt að 5000 m³ á um 0,5 ha landi til eigin nota án framkvæmdaleyfis sbr. Einnig kafla 3.2.9 um stakar framkvæmdir.
- Skv. lögum nr. 111/2021, viðauka 1, eru námur sem eru 2,5 ha og/eða efnismagn 50 þúsund m³ tilkynningarskyldar.

Í greinargerðinni kemur einnig fram að gert sé ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Svæðum fækki um 8 frá eldra skipulagi, þ.e. að 16 eru felld út og 8 ný koma í staðinn.

Alls eru því efnistöku- og efnislosunarsvæðin 31 talsins.

Viðkomandi skýrslu má nálgast á heimasíðu UTU.

Samantekt vegna efnistökusvæðis

Efnistökusvæði:

- Klausturhólar

Nr. Efnistökusvæðis skv. Skipulagstillögu 15. júní 2022:

- E17

Stærð skv. Skipulagstillögu 15. júní 2022 (ha):

- 17,9 ha

Lýsing og skilmálar skv. skipulagstillögu:

- Malarnáma og efnislosunartíppur í notkun. Efnismagn allt að 200 þúsund m³.
Matsskyld framkvæmd.

Flokkur – undirflokkur framkvæmda m.t.t. umhverfismats skv lögum 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana:

- B – 2.02: Efnistökusvæði 2,5 til 24 ha eða efnismagn 50.000 til 500.000 m³

Áætlað rúmmál jarðefnis sem hefur þegar verið numið.

- Norðari hluti svæðisins: 510.000 – 765.000 m³
- Syðri hluti svæðisins: 215.000 – 430.000 m³

Samtals er því áætlað að nú þegar sé búið að vinna á bilinu 725.000 – 1.195.000 m³ af efni á svæðinu sem skilgreining efnistökusvæðisins í aðalskipulagi tekur til. Svæðið er í tvennu lagi og innan tveggja landeigna og **tekur bréf þetta til syðri hluta þess.**

Samkvæmt aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020 – 2032 er gert ráð fyrir frekari efnistöku á svæðinu á því tímabili sem aðalskipulag sveitarfélagsins er í gildi eða allt að 200.000 m³ og tekur sú heimild til svæðisins í heild.

Ekki er til staðar útgefið framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins vegna efnistökkunnar eða útgefið starfsleyfi að hálfu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Ekki hefur verið unnið umhverfismat vegna efnistökkunnar. Sé áframhaldandi efnistaka áætluð innan svæðisins er viðtakanda vinsamlegast bent á að hafa samband við undirritaðan varðandi næstu skref við úrlausn málsins fyrir **1. október 2023.**

Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi og kann að vera háð umhverfismati sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. og einnig 8. gr. a laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð og liðir 2.01 og 2.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda- og áætlana. Verði ekki brugðist við bréfi þessu með viðeigandi hætti er embætti UTU heimilt að grípa til aðgerða á grundvelli 53. og 54. gr. skipulagslaga og fara fram á stöðvun framkvæmda sem og beita dagsektum ef fyrirmælum sé ekki fylgt.

Virðingarfyllst

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi



Dalbraut 12
840 Laugarvatn
Sími: 4805550

www.utu.is